

AUGLÝSING

um samning um bann við eða takmarkanir á notkun tiltekinna hefðbundinna vopna sem unnt er að flokka sem mjög skaðleg eða sem hafi ófyrirsjáanleg áhrif, ásamt bókunum I-V.

Hinn 22. ágúst 2008 voru aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna afhent fullgildingarskjöl Íslands vegna samnings um bann við eða takmarkanir á notkun tiltekinna hefðbundinna vopna sem unnt er að flokka sem mjög skaðleg eða sem hafi ófyrirsjáanleg áhrif, með áorðnum breytingum, frá 21. desember 2001, sem gerður var í Genf 10. október 1980; bókunar I um ógreinanlegar agnir, sem gerð var í Vínarborg 13. október 1995; bókunar II um bann við eða takmarkanir á notkun jarðsprengna, sprengigildra og annars útbúnaðar, sem gerð var í Genf 3. maí 1996; bókunar III um bann við eða takmarkanir á notkun íkveikjuvopna, sem gerð var í Vínarborg 13. október 1995; bókunar IV um leysivopn sem valda blindu, sem gerð var í Vínarborg 13. október 1995; og bókunar V um sprengiefnaleifar frá stríðsátökum, sem gerð var í Genf 28. nóvember 2003. Samningurinn og bókanirnar öðluðust gildi gagnvart Íslandi 22. febrúar 2009.

Samningurinn með áorðnum breytingum ásamt bókunum I-V eru birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utarríkisráðuneytinu, 7. desember 2022.

F. h. r.
Martin Eyjólfsson.

Anna Jóhannsdóttir.

Fylgiskjal.**SAMNINGUR****UM BANN VIÐ EÐA TAKMARKANIR Á NOTKUN TILTEKINNA
HEFÐBUNDINNA VOPNA SEM UNNT ER AÐ FLOKKA SEM
MJÖG SKADLEG EÐA SEM HAFI ÓFYRIRSJÁANLEG
ÁHRIF, MEÐ ÁORÐNUM BREYTINGUM
FRÁ 21. DESEMBER 2001**

Aðilar að samningi þessum,

sem minnst þess að öllum ríkjum ber, í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna, að stilla sig um, í samskiptum sínum við aðrar þjóðir, að hóta valdbeitingu eða að beita valdi gegn fullveldi, friðhelgi yfirráðasvæðis eða pólitísku sjálfstæði sérhvers ríkis eða með öðrum hætti sem samræmist ekki tilgangi Sameinuðu þjóðanna,

sem minna enn fremur á hina almennu frumreglu um vernd almennings gegn afleiðingum hernaðarátaka,

sem ganga út frá þeirri frumreglu þjóðaréttar að réttur aðila að vopnuðum átökum til þess að velja stríðsaðferðir eða -úrræði er ekki ótakmarkaður og þeirri frumreglu sem bannar að notuð séu vopn, skeyti og stríðsefni og -aðferðir í vopnuðum átökum af því tagi að valdi óþarfa meiðslum eða ónaðsýnlegri þjáningu,

sem minna einnig á að lagt er bann við því að beita stríðsaðferðum eða -úrræðum sem er ætlað að valda, eða gera má ráð fyrir að valdi, umfangsmiklum og varanlegum náttúruspjöllum,

sem staðfesta þann einbeitta vilja sinn að almenningur og hermenn skuli ávallt, í tilvikum sem samningur þessi og bókanir við hann og aðrir alþjóðasamningar fjalla ekki um, njóta verndar og áhrifa frumreglna þjóðaréttar sem rekja má til viðtekinna venja, til mannúðarhugsjónarinnar og til boða um almenna samviskuskyldu,

sem vilja leggja sitt af mörkum til slökunar í samskiptum ríkja, til þess að binda enda á vígbúnaðarkapphlaupið og til þess að byggja upp traust milli ríkja og til þess að vonir allra þjóða um að lifa í friði rætist upp frá því,

sem viðurkenna vægi þess að allt sé gert sem gæti leitt til almennrar og algjörRAR afvopnunar undir ströngu og skilvirknu alþjóðlegu eftirliti,

sem áréttu nauðsyn þess að halda áfram skráningu og bálkun og framvirkri þróun reglna þjóðaréttar sem gilda í vopnuðum átökum,

sem vilja banna eða takmarka frekari notkun tiltekinna hefðbundinna vopna og trúa því að góður árangur á því sviði kunni að auðvelda allsherjarafvopunarviðræður með það að markmiði að hætt verði framleiðslu, birgðasöfnun og útbreiðslu slíkra vopna,

sem leggja á það áherslu að æskilegt er að öll ríki gerist aðili að samningi þessum og meðfylgjandi bókunum við hann, einkum herveldin,

sem hafa í huga að allsherjarþing Sameinuðu þjóðanna og afvopnunarnefnd Sameinuðu þjóðanna kunna að ákveða að kanna þann kost hvort útvíkka megi gildissvið banna og takmarkana sem samningur þessi og meðfylgjandi bókanir fela í sér,

sem hafa enn fremur í huga að afvopnunarnefndin kann að ákveða að kanna þann kost að samþykkja frekari ráðstafanir til þess að banna eða takmarka notkun tiltekinna hefðbundinna vopna,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Gildissvið.

1. Samningur þessi gildir, ásamt meðfylgjandi bókunum, við þær aðstæður sem um getur í 2. gr. og eru samhljóða ákvæðum Genfarsamninganna frá 12. ágúst 1949 um vernd fórnarlamba styrjalda, m.a. skilyrði sem er lýst í 4. mgr. I. gr. I. viðbótarbókunar við þá samninga.
2. Samningur þessi gildir, ásamt meðfylgjandi bókunum, einnig, auk aðstæðna er um getur í 1. mgr. þessarar greinar, við aðstæður sem um getur í 3. gr. og eru samhljóða ákvæðum Genfarsamninganna frá 12. ágúst 1949. Samningur þessi, ásamt meðfylgjandi bókunum, gildir ekki þegar ófriðar- eða spennuástand ríkis innanlands, eins og uppbót, einstakar og fátíðar ofbeldisaðgerðir og aðrar aðgerðir svipaðs eðlis sem eru ekki vopnuð átök.
3. Er um ræðir vopnuð átök, önnur en þjóða í milli, sem verða á yferráðasvæði eins samningsaðila skal sérhver aðili að slíkum átökum skuldbundinn til þess að beita bönnum og takmörkunum sem mælt er fyrir um í samningi þessum og meðfylgjandi bókunum.
4. Eigi skal skírskota til neins í samningi þessum eða meðfylgjandi bókunum í því skyni að hafa áhrif á fullveldi ríkis eða þá ábyrgð stjórnvalda að halda uppi eða koma aftur á lögum og reglu í ríkinu eða vernda þjóðareiningu og friðhelgi yferráðasvæðis ríkisins með öllum lögmætum úrræðum.
5. Eigi skal skírskota til neins í samningi þessum eða meðfylgjandi bókunum sem réttlætingu fyrir íhlutun, með beinum eða óbeinum hætti og af hvaða ástæðu sem er, í vopnuð átök eða í innanríkis- eða utanríkismál samningsaðila sem á yferráðasvæði þar sem átökin eiga sér stað.
6. Beiting ákvæða samnings þessa og meðfylgjandi bókana gagnvart aðilum að átökum, sem eru ekki samningsaðilar sem hafa staðfest samning þennan eða meðfylgjandi bókanir, hefur ekki áhrif á réttarstöðu þeirra eða réttarstöðu landsvæðis, sem deila stendur um, hvorki með skýrum eða óbeinum hætti.
7. Ákvæði 2. til 6. mgr. þessarar greinar hafa ekki áhrif á viðbótarbókanir sem eru samþykktar eftir 1. janúar 2002 og kunna að eiga við, útiloka eða breyta gildissviði þeirra að því er þessa grein varðar.

2. gr.

Tengsl við aðra alþjóðasamninga.

Ekkert í samningi þessum eða meðfylgjandi bókunum skal túlka þannig að það dragi úr öðrum skuldbindingum sem samningsaðilar undirgangast samkvæmt alþjóðlegum mannúðarlögum sem gilda um vopnuð átök.

3. gr.

Undirritun.

Samningur þessi skal liggja frammi til undirritunar af hálfu allra ríkja í aðalstöðvum Sameinuðu þjóðanna í New York í 12 mánuði frá 10. apríl 1981 að telja.

4. gr.

Fullgilding, staðfesting, samþykki eða aðild.

1. Samningur þessi er með fyrirvara um fullgilding, staðfestingu eða samþykki af hálfu þeirra ríkja sem hafa undirritað hann. Hvert það ríki sem hefur ekki undirritað samning þennan getur gerst aðili að honum.
2. Afhenda ber vörsluaðila skjöl um fullgilding, staðfestingu, samþykki eða aðild til vörslu.
3. Yfirlýsing af hálfu sérhvers ríkis um að það samþykki að vera bundið af einhverri þeirri bókun sem fylgir samningi þessum skal vera valfrjáls, að því tilskildu að hlutaðeigandi ríki tilkynni vörsluaðila um að það samþykki að vera bundið af einhverjum tveimur eða fleiri af þeim bókunum er fyrir getur, þegar það afhendir skjal sitt um fullgilding, staðfestingu eða samþykki samnings þessa eða aðild að honum til vörslu.
4. Ríki getur tilkynnt vörsluaðila um að það samþykki að vera bundið af bókun, sem fylgir samningi þessum og það er ekki þegar bundið af, hvenær sem er eftir að það hefur afhent skjal sitt um fullgilding, staðfestingu eða samþykki samnings þessa eða aðild að honum til vörslu.

5. Sérhver bókun, sem samningsaðili er bundinn af, skal, að því er hann varðar, vera óaðskiljanlegur hluti af samningi þessum.

5. gr.

Gildistaka.

1. Samningur þessi öðlast gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar tuttugasta skjalið um fullgildinguna, staðfestinguna, samþykki eða aðild er afhent til vörslu.
2. Samningur þessi öðlast gildi gagnvart hverju ríki, sem afhendir skjal sitt um fullgildinguna, staðfestinguna, samþykki eða aðild til vörslu eftir þann dag þegar tuttugasta skjalið um fullgildinguna, staðfestinguna, samþykki eða aðild er afhent til vörslu, sex mánuðum eftir þann dag þegar fyrrnefnt ríki hefur afhent skjal sitt um fullgildinguna, staðfestinguna, samþykki eða aðild til vörslu.
3. Sérhver þeirra bókana sem fylgja samningi þessum öðlast gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar tuttugu ríki hafa tilkynnt samþykki þess að vera bundin af slíkri bókun í samræmi við 3. eða 4. mgr. samnings þessa.
4. Að því er varðar ríki, sem tilkynnir að það samþykki að vera bundið af bókun, sem fylgir samningi þessum, eftir þann dag þegar tuttugu ríki hafa tilkynnt að þau samþykki að vera bundin af henni, skal slík bókun öðlast gildi sex mánuðum eftir þann dag þegar hlutaðeigandi ríki hefur tilkynnt að það samþykki að vera bundið af bókuninni.

6. gr.

Útbreiðsla.

Samningsaðilar skuldbinda sig til þess, á tímum friðar sem og á tímum vopnaðra átaka, að dreifa samningi þessum og þeim meðfylgjandi bókunum sem þeir eru bundnir af eins víða og aðstæður leyfa í landi hvers um sig og fella umfjöllun um hann og þær sérstaklega inn í áætlanir sínar um herþjálfun með það að markmiði að menn í herafli þeirra fái vitneskju um fyrrnefnda gerninga.

7. gr.

Tengsl milliríkjasamninga við gildistöku samnings þessa.

1. Enda þótt einn aðili að átökum sé óbundinn af bókun, sem fylgir samningi þessum, eru þeir aðilar sem eru bundnir af samningi þessum og af bókuninni eftir sem áður bundnir af þeim í gagnkvæmum samskiptum sín á milli.
2. Sérhver samningsaðili skal vera bundinn af samningi þessum og sérhverri meðfylgjandi bókun, sem gildir gagnvart honum, við hverjar þær aðstæður sem horft er fram á í 1. gr., með tilliti til hvers þess ríkis sem er ekki aðili að samningi þessum eða er óbundið af viðkomandi meðfylgjandi bókun, ef fyrrnefnt ríki staðfestir og beitir samningi þessum eða viðkomandi bókun og tilkynnir vörsluaðila um það.
3. Vörsluaðili skal tilkynna hlutaðeigandi samningsaðila þegar í stað um sérhverja tilkynningu sem hann veitir viðtöku skv. 2. mgr. þessarar greinar.
4. Samningur þessi, ásamt þeim meðfylgjandi bókunum sem hlutaðeigandi samningsaðili er bundinn af, gildir um vopnuð átök sem eru hafin gegn fyrrnefndum samningsaðila og eru af því tagi er um getur í 4. mgr. 1. gr. I. viðbótarbókunar við Genfarsamningana frá 12. ágúst 1949 um vernd fórnarlamba styrjalda: a) ef samningsaðilinn er einnig aðili að I. viðbótarbókun og yfirvald, er um getur í 3. mgr. 96. gr. þeirrar bókunar, hefur skuldbundið sig til þess að beita ákvæðum Genfarsamninganna og I. viðbótarbókunar í samræmi við 3. mgr. 96. gr. fyrrnefndrar bókunar og skuldbindur sig til þess að beita ákvæðum samnings þessa og viðkomandi meðfylgjandi bókana að því er fyrrnefnd átök varðar; eða b) ef samningsaðilinn er ekki aðili að I. viðbótarbókun og sambærilegt yfirvald og um getur í a-lið hér að framan staðfestir og hefur í heiðri þær skuldbindingar samkvæmt Genfarsamningunum og samningi þessum og viðkomandi meðfylgjandi bókunum að því er fyrrnefnd átök varðar. Að skuldbindingar séu staðfestar og í heiðri hafðar, eins og að framan getur, hefur eftirfarandi áhrif að því er fyrrnefnd átök varðar:
 - i. ákvæði Genfarsamninganna og samnings þessa og viðkomandi meðfylgjandi bókana koma strax til framkvæmda að því er varðar aðila að viðkomandi átökum,
 - ii. fyrrnefnt yfirvald öðlast sömu réttindi og undirgengst sömu skuldbindingar og aðili að

Genfarsamningunum, samningi þessum og viðkomandi meðfylgjandi bókunum hefur öðlast eða undirgengist og

- iii. allir aðilar að viðkomandi átökum eru jafn bundnir af ákvæðum Genfarsamninganna, samnings þessa og viðkomandi meðfylgjandi bókana.

Samningsaðilarnir og hlutaðeigandi yfirvald geta einnig gert með sér gagnkvæmt samkomulag um að staðfesta og hafa í heiðri þær skuldbindingar sem getur í viðbótarbókun I við Genfarsamningana.

8. gr.

Endurskoðun og breytingar.

1. a) Sérhver samningsaðili getur gert tillögu um breytingu á samningi þessum eða sérhverri meðfylgjandi bókun, sem hann er aðili að, hvenær sem er eftir að samningur þessi öðlast gildi. Senda ber vörsluaðila sérhverja breytingartillögu sem tilkynnir öllum samningsaðilum um hana og leitar eftir álitum þeirra á því hvort halda beri þing til þess að fjalla um efni hennar. Ef meirihluti, sem telur a.m.k. átján samningsaðila, er því samþykktur ber honum að kalla saman þing tafarlaust og boða alla samningsaðila til þess. Þjóða ber ríkjum, sem eru ekki aðilar að samningi þessum, að eiga áheyrnarfulltrúa á þinginu.
 - b) Þingið getur fallist á breytingar sem ber að samþykkja og öðlast skulu gildi með sama hætti og samningur þessi og meðfylgjandi bókarnir, að því tilskildu að einungis samningsaðilum sé heimilt að samþykkja breytingar á samningi þessum og að einungis þeim samningsaðilum sem eru bundnir af tilgreindri meðfylgjandi bókun sé heimilt að samþykkja breytingar á þeirri bókun.
2. a) Sérhver samningsaðili getur gert tillögu um viðbótarbókarnir um aðra flokka hefðbundinna vopna, sem meðfylgjandi bókarnir, sem eru í gildi, fjalla ekki um, hvenær sem er eftir að samningur þessi öðlast gildi. Senda ber vörsluaðila sérhverja slíka tillögu um viðbótarbókun sem tilkynnir öllum samningsaðilum um hana í samræmi við a-lið 1. mgr. þessarar greinar. Ef meirihluti, sem telur a.m.k. átján samningsaðila, er því samþykktur ber vörsluaðila að kalla saman þing tafarlaust og boða alla samningsaðila til þess.
 - b) Þingið getur fallist, með fullri þátttöku allra ríkja sem hafa fyrrsvar á þinginu, á viðbótarbókarnir sem skal samþykkja með sama hætti og samning þennan, sem skal bætt við samninginn og sem skulu öðlast gildi með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 5. gr. samningsins.
3. a) Hafi þing ekki verið kallað saman samkvæmt a-lið 1. mgr. eða a-lið 2. mgr. þessarar greinar tíu árum eftir að samningur þessi öðlast gildi getur hvaða samningsaðili sem er farið þess á leit við vörsluaðila að hann kalli saman þing sem öllum samningsaðilum skal boðið að sitja, í því skyni að yfirfara gildissvið og rekstur samnings þessa og meðfylgjandi bókana og að fjalla um sérhverja breytingartillögu við samning þennan eða þær bókarnir við hann sem í gildi eru. Þjóða ber ríkjum, sem eru ekki aðilar að samningi þessum, að eiga áheyrnarfulltrúa á þinginu. Þingið getur fallist á breytingar sem skal samþykkja og skulu öðlast gildi í samræmi við ákvæði b-liðar 1. mgr. hér að framan.
 - b) Á slíku þingi er einnig unnt að fjalla um sérhverja tillögu um viðbótarbókarnir um aðra flokka hefðbundinna vopna sem meðfylgjandi bókarnir, sem eru í gildi, fjalla ekki um. Öllum ríkjum, sem eiga fyrrsvar á þinginu, er heimilt að taka fullan þátt í þeirri umfjöllum sem áður getur. Allar viðbótarbókarnir skal samþykkja með sama hætti og samning þennan, þeim skal bætt við samninginn og skulu þær öðlast gildi með þeim hætti sem mælt er fyrir um í 3. og 4. mgr. 5. gr. samnings þessa.
 - c) Fyrirnefnt þing getur fjallað um hvort gera skuli ráðstafanir til þess að kalla saman annað þing, að beiðni hvaða samningsaðila sem er, ef þing hefur ekki verið kallað saman í samræmi við ákvæði a-liðar 1. mgr. eða a-liðar 2. mgr. þessarar greinar að álíka löngum tíma liðnum og um getur í a-lið 3. mgr. þessarar greinar.

9. gr.

Uppsögn.

1. Sérhver samningsaðili getur sagt upp samningi þessum eða hvaða meðfylgjandi bókun sem er með því að tilkynna vörsluaðila um það.
2. Uppsögn tekur gildi fyrst einu ári eftir að vörsluaðili veitir tilkynningu um uppsögn viðtöku. Ef sá samningsaðili sem tilkynnir um uppsögn er samt sem áður í einhverjum þeim aðstæðum er um getur í 1. gr. við lok fyrrnefnds árs skal hann áfram bundinn af þeim skuldbindingum sem af samningi þessum leiðir og viðkomandi meðfylgjandi bókunum uns bundinn hefur verið endir á hin vopnuðu átök eða hersetu og, í öllu falli, uns aðgerðum er lokið í tengslum við að láta einstaklinga, sem njóta verndar samkvæmt reglum þjóðaréttar sem gilda um vopnuð átök, endanlega lausa úr haldi, að senda þá heim eða að gera þeim kleift að staðfestast á ný og, ef um ræðir einhverja meðfylgjandi bókun sem inniheldur ákvæði um aðstæður þar sem liðsafla eða sendisveitir Sameinuðu þjóðanna sinna friðargæslu, eftirliti eða svipuðum störfum á því svæði er um ræðir, uns þeim störfum er lokið.
3. Líta ber svo á að sérhver uppsögn samnings þessa gildi einnig um allar meðfylgjandi bókanir sem samningsaðilinn, sem tilkynnir um uppsögn, er bundinn af.
4. Sérhver uppsögn gildir eingöngu gagnvart þeim samningsaðila sem tilkynnir um hana.
5. Uppsögn hefur ekki áhrif á þær skuldbindingar samkvæmt samningi þessum og meðfylgjandi bókunum sem fyrrnefndur samningsaðili, sem tilkynnir um uppsögn, hefur þegar undirgengist, sökum vopnaðra átaka, með tilliti til sérhvers verknaðar sem er framinn áður en uppsögnin tekur gildi.

10. gr.

Vörsluaðili.

1. Aðalframkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna skal vera vörsluaðili samnings þessa og meðfylgjandi bókana.
2. Auk venjubundinna starfa skal vörsluaðili senda öllum ríkjum tilkynningu:
 - a) í hvert sinn þegar samningur þessi er undirritaður skv. 3. gr.
 - b) um afhendingu skjala um fullgildingu, staðfestingu eða samþykki samnings þessa eða aðild að honum til vörslu skv. 4. gr.
 - c) þegar tilkynnt er um samþykki þess að vera bundinn af bókunum sem fylgja samningi þessum skv. 4. gr.
 - d) um þann dag þegar samningur þessi öðlast gildi og sérhver meðfylgjandi bókun skv. 5. gr. og
 - e) um tilkynningar um uppsögn, sem er veitt viðtaka skv. 9. gr., og um gildistöku dag þeirra.

11. gr.

Gildir textar.

Frumeintak samnings þessa ásamt meðfylgjandi bókunum, en textar þeirra á arabísku, ensku, frönsku, kínversku, rússnesku og spænsku eru jafngildir, skal afhent vörsluaðila til vörslu sem sendir öllum ríkjum staðfest rétt endurrit af því.

BÓKUN UM ÓGREINANLEGAR AGNIR
(I. BÓKUN)

Bannað er að nota öll vopn sem hafa þau áhrif fyrst og fremst að meiða með ögnum sem eigi er unnt að greina í mannlíkama með röntgengeislum.

BÓKUN
UM BANN VIÐ EÐA TAKMARKANIR Á NOTKUN JARÐSPRENGNA,
SPRENGIGILDRÁ OG ANNARS ÚTBÚNAÐAR
(II. BÓKUN)

1. gr.

Efnislegt gildissvið.

Í bókun þessari er fjallað um notkun þeirra jarðsprengna, sprengigildra og annars útbúnaðar sem eru skilgreind í henni og notuð á landi, þ.m.t. jarðsprengjur sem eru lagðar í því skyni að útiloka aðgang að ströndum, að unnt sé að komast yfir vatnaleiðir eða ár; bókunin gildir þó ekki um notkun tundurdufla úti á sjó eða á skipgengum vatnaleiðum.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í bókun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Jarðsprengja“ merkir hertól sem er komið fyrir undir, á eða nálægt jörðu eða öðru yfirborði og er gert til að splundrast eða springa þegar maður eða farartæki er nærstatt, nálægt eða kemst í snertingu við það og „jarðsprengja skotið úr fjarlægð“ merkir jarðsprengju samkvæmt skilgreiningunni hér að framan sem er skotið með stórskotaliðstæki, flugskeyti, sprengjuvörpu eða á svipaðan hátt eða varpað úr loftfari.
2. „Sprengigildra“ merkir útbúnað eða efni sem er hannað, smíðað eða umbreytt í því skyni að drepa eða meiða og virkar óvænt þegar maður hróflar við eða nálgast hlut sem lítur út fyrir að vera skaðlaus eða gerir eitthvað sem virðist vera óhætt.
3. „Annar útbúnaður“ merkir hertól eða útbúnað sem er komið fyrir á tilteknum stað með höndunum og er ætlað að drepa, meiða eða valda tjóni og er komið af stað með fjarstýringu eða sjálfvirkri að tilteknum tíma liðnum.
4. „Hernaðarlegt skotmark“ merkir, að því er eignir varðar, sérhverja eign sem vegna eðlis síns, staðsetningar, tilgangs og notkunar er áhrifaríkur skerfur til hernaðaraðgerðar og er þannig að ótvíræður hernaðarlegur hagur er af því, við ríkjandi aðstæður á tilteknum tíma, að eyðileggja hana alveg eða að hluta, hertaka eða gera óvirka.
5. „Eignir sem heyra til borgurunnur“ merkir allar eignir sem eru ekki hernaðarleg skotmörk sbr. skilgreiningu í 4. mgr.
6. „Skráning“ merkir hlutkennda, stjórnsýslulega og tæknilega aðgerð sem þjónar þeim tilgangi að allra fáanlegra upplýsinga, sem gera auðveldar um vik að finna jarðsprengjusvæði og hvar jarðsprengjur og sprengigildir eru staðsettar, verði aflað vegna innfærslu í opinberar skrár.

3. gr.

Almennar takmarkanir á notkun jarðsprengna, sprengigildra og annars útbúnaðar.

1. Grein þessi tekur til: a) jarðsprengna, b) sprengigildra og c) annars útbúnaðar.
2. Bannað er undir öllum kringumstæðum að beina vopnum, sem þessi grein tekur til, hvort sem um er að ræða árás, vörn eða refsiaðgerð, gegn almenningi sem slíkum eða gegn einstökum borgurum.
3. Óafmörkuð notkun vopna, sem þessi grein tekur til, er bönnuð. Óafmörkuð notkun er öll staðsetning slíkra vopna:
 - a) sem er ekki á eða er beint að hernaðarlegu skotmarki eða
 - b) sem útheimtir aðferð eða leið til þess að þau virki sem útilokar að unnt sé að beina þeim að tilteknu hernaðarlegu skotmarki eða
 - c) sem getur orðið borgurum að fjórtjóni, getur sært þá, getur valdið tjóni á eignum þeirra eða getur verið sambland af þessu sem yrði langt umfram það hlutlæga og beina hernaðarlega hagræði sem mætti sjá fyrir.
4. Grípa ber til allra framkvæmanlegra varúðarráðstafana í því skyni að vernda borgarana gegn áhrifum þeirra vopna sem þessi grein tekur til. Framkvæmanlegar varúðarráðstafanir eru þær sem eru gerlegar eða raunhæfar að teknu tilliti til ríkjandi aðstæðna á tilteknum tíma, m.a. mannúðar-sjónarmiða og hernaðarlegra sjónarmiða.

4. gr.

Takmarkanir á notkun jarðsprengna, annarra en þeirra sem er skotið úr fjarlægð, sprengigildra og annars útbúnaðar á þéttbýlissvæðum.

1. Gein þessi tekur til: a) jarðsprengna, annarra en þeirra sem er skotið úr fjarlægð, b) sprengigildra og c) annars útbúnaðar.
2. Bannað er að beita vopnum, sem þessi grein tekur til, í sérhverri borg, bæ eða þorpi eða á öðru svæði þar sem álíka samsöfnun borgara er og þar sem ekki standa yfir bardagar milli herflokka á jörðu niðri eða þar sem slíkir bardagar virðast ekki yfirvofandi, nema:
 - a) þau séu staðsett á eða í námunda við hernaðarlegt skotmark sem tilheyrir óvini eða er undir hans stjórn eða
 - b) ráðstafanir séu gerðar til þess að vernda borgarana gegn áhrifum þeirra, t.d. með því að setja upp viðvörðunarskilti, setja hervörð, gefa út aðvaranir eða útvega girðingar.

5. gr.

Takmarkanir á notkun jarðsprengna skotið úr fjarlægð.

1. Notkun jarðsprengna skotið úr fjarlægð er bönnuð nema slíkar jarðsprengjur séu aðeins notaðar innan svæðis sem er í sjálfu sér hernaðarlegt skotmark eða þar sem hernaðarleg skotmörk er að finna og að því undanskildu:
 - a) að unnt sé að skrá staðsetningu þeirra nákvæmlega skv. a-lið 1. mgr. 7. gr. eða
 - b) að notaður sé skilvirkur tæknibúnaður, sem gerir hverja slíka jarðsprengju óvirka, þ.e.a.s. tæknibúnaður, sem fer í gang af sjálfsdáðum og er ætlað að gera jarðsprengju skaðlausa eða gera að verkum að hún grandí sér sjálf þegar við því má búast að hún muni ekki lengur þjóna því hernaðarlega markmiði sem var ástæða þess að henni var komið fyrir, eða fjarstýrður tæknibúnaður sem er ætlað að gera jarðsprengju skaðlausa eða granda henni þegar hún þjónar ekki lengur þeim hernaðarlega tilgangi sem var ástæða þess að henni var komið fyrir.
2. Gefa skal út skilvirka viðvörðun áður en jarðsprengjum skotið úr fjarlægð, sem geta haft áhrif á almenning, er skotið eða varpað, nema aðstæður leyfi það ekki.

6. gr.

Bann við notkun tiltekinna sprengigildra.

1. Bannað er undir öllum kringumstæðum, með fyrirvara um reglur þjóðaréttar sem gilda í vopnuðum átökum og eiga við um landráð og svikráð, að nota:
 - a) sprengigildir í líki skaðlauss færanlegs hlutar sem er sérstaklega hannaður og smíðaður til þess að geyma sprengiefni og splundrast þegar hróflað er við honum eða komið í námunda við hann eða
 - b) sprengigildir sem með einhverjum hætti eru festar eða tengdar við:
 - i. alþjóðlega viðurkennd verndartákn, -myndtákn eða -merki,
 - ii. veika, særða eða látna einstaklinga,
 - iii. greftrunar- eða líkbrennslustaði eða grafir,
 - iv. lækningaaðstöðu, lækningabúnað, sjúkragögn eða sjúkraflutninga,
 - v. barnaleikföng eða aðra færanlega hluti eða framleiðsluvörur sérhannaðar til þess að fæða börn, hugsa um heilbrigði þeirra og hreinlæti, klæða þau eða mennta,
 - vi. mat eða drykk,
 - vii. eldhúsáhöld eða -tæki nema í stofnunum, stöðum eða birgðageymslum á vegum hers,
 - viii. hluti sem eru greinilega trúarlegs eðlis,
 - ix. söguleg mannvirki, listaverk eða helgistaði sem eru menningarleg og andleg arfleifð þjóða,
 - x. dýr eða skrokka þeirra.
2. Bannað er, undir öllum kringumstæðum, að nota sprengigildir sem er ætlað að valda óþarfa meiðslum eða þjóningu.

7. gr.

Skráning jarðsprengjusvæða, þess hvar jarðsprengjur og sprengigildir er að finna og birting slíkra upplýsinga.

1. Aðilar að átökum skulu skrá staðsetningu:
 - a) allra fyrirhugaðra jarðsprengjusvæða sem þeir hafa helgað sér og
 - b) allra svæða þar sem þeir hafa notað sprengigildir í miklu magni og fyrirfram.
2. Aðilarnir skulu leitast við að tryggja að staðsetning allra annarra jarðsprengjusvæða, jarðsprengna og sprengigilda, sem þeir hafa lagt eða komið fyrir, sé skráð.
3. Aðilarnir skulu varðveita fyrrnefndar skrár og:
 - a) strax eftir að hernaðaráttökum lýkur:
 - i. gera allar viðeigandi ráðstafanir, m.a. nota fyrrnefndar skrár, til þess að vernda borgarana gegn áhrifum jarðsprengjusvæða, jarðsprengna og sprengigilda og annaðhvort,
 - ii. þegar liðsafli hvorugs aðila er á yferráðasvæði andstæðingsins, láta hvor öðrum og aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í té allar upplýsingar, sem þeir ráða yfir, um hvar jarðsprengjusvæði, jarðsprengjur og sprengigildir er að finna á landsvæði andstæðingsins eða
 - iii. þegar allur liðsafli aðilanna hefur verið dreginn til baka frá yferráðasvæði andstæðingsins, láta andstæðingnum og aðalframkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna í té allar upplýsingar, sem þeir ráða yfir, um hvar jarðsprengjusvæði, jarðsprengjur og sprengigildir er að finna á landsvæði andstæðingsins,
 - b) þegar liðsafli eða sendisveit Sameinuðu þjóðanna gegnir störfum á hvaða svæði sem er, láta því yfirvaldi er um getur í 8. gr. í té þær upplýsingar sem krafa er gerð um í þeirri grein,
 - c) þegar því verður við komið og samkvæmt gagnkvæmum samningi, gera ráðstafanir til þess að birta upplýsingar um staðsetningu jarðsprengjusvæða, jarðsprengna og sprengigilda, einkum í samningum um lok hernaðaráttaka.

8. gr.

Vernd liðsafla og sendisveita Sameinuðu þjóðanna gegn áhrifum jarðsprengjusvæða, jarðsprengna og sprengigilda.

1. Þegar liðsafli eða sendisveit Sameinuðu þjóðanna gegnir friðargæslu- og eftirlitsstörfum eða svipuðum störfum á hvaða svæði sem er skal sérhver aðili að átökum, komi fram beiðni yfirmanns liðsafla eða sendisveitar Sameinuðu þjóðanna á svæðinu þar um og að því marki sem þeim aðila er unnt:
 - a) fjarlægja allar jarðsprengjur eða sprengigildir á fyrrnefndu svæði eða gera þær skaðlausar,
 - b) gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til þess að vernda liðsaflann eða sendisveitina gegn áhrifum jarðsprengjusvæða, jarðsprengna og sprengigilda þegar þeir gegna skyldustörfum sínum og
 - c) láta yfirmanni liðsafla eða sendisveitar Sameinuðu þjóðanna á því svæði er um ræðir í té allar upplýsingar, sem hlutaðeigandi aðili ræður yfir, um staðsetningu jarðsprengjusvæða, jarðsprengna og sprengigilda á svæðinu.
2. Þegar sendisveit Sameinuðu þjóðanna, sem sinnir gagnaöflun, vinnur störf sín á hvaða svæði sem er skal sérhver aðili að þeim hernaðaráttökum er um ræðir veita sendisveitinni vernd, nema honum sé um megn að veita henni nægilega vernd sakir stærðar hennar. Ef þannig háttar til skal aðilinn láta yfirmanni sendisveitarinnar í té upplýsingar, sem hann ræður yfir, um staðsetningu jarðsprengjusvæða, jarðsprengna og sprengigilda á svæðinu.

9. gr.

Alþjóðleg samvinna um að leggja niður jarðsprengjusvæði og fjarlægja jarðsprengjur og sprengigildir.

Eftir að hernaðaráttökum lýkur skulu aðilarnir gera sér far um að gera samning, bæði innbyrðis og, ef við á, við önnur ríki og alþjóðastofnanir, um að láta í té upplýsingar og tæknilega og efnislega aðstoð – þ.m.t., við viðeigandi aðstæður, sameiginlegar aðgerðir – sem eru nauðsynlegar til þess að unnt sé að leggja niður, fjarlægja eða gera óvirk með öðrum hætti jarðsprengjusvæði, jarðsprengjur og sprengigildir sem hefur verið komið fyrir.

**TÆKNILEGUR VIÐAUKI VIÐ BÓKUN
UM BANN VIÐ EÐA TAKMARKANIR Á NOTKUN
JARÐSPRENGNA, SPRENGIGILDRA OG ANNARS ÚTBÚNAÐAR**

Leiðbeiningar um skráningu.

Hafa ber hliðsjón af eftirfarandi leiðbeiningum ætíð þegar uppfylla ber skyldu um skráningu staðsetningar jarðsprengjussvæða, jarðsprengna og sprengigildra samkvæmt bókun þessari.

1. Að því er varðar fyrirhuguð jarðsprengjussvæði og mikils háttar og fyrirhugaða notkun sprengigildra:
 - a) skal gera kort, upprætti eða aðrar skrár með þeim hætti að bent sé á stærð jarðsprengjussvæðisins eða sprengigildrusvæðisins og
 - b) ber að tilgreina staðsetningu jarðsprengjussvæðisins eða sprengigildrusvæðisins miðað við hnit staks viðmiðunarpunkts og með því að tilkynna áætlað umfang svæðisins, þar sem jarðsprengjur og sprengigildir er að finna, miðað við fyrrnefndan stakan viðmiðunarpunkt.
2. Að því er varðar önnur jarðsprengjussvæði, jarðsprengjur og sprengigildir sem hafa verið lögð eða komið fyrir: Ber, eftir því sem við verður komið, að skrá viðkomandi upplýsingar, sem um getur í 1. mgr. hér að framan, til þess að unnt sé að bera kennsl á jarðsprengjussvæði og svæði þar sem jarðsprengjur og sprengigildir er að finna.

BÓKUN
UM BANN VIÐ EÐA TAKMARKANIR Á NOTKUN ÍKVEIKJUVOPNA
(III. BÓKUN)

1. gr.

Skilgreiningar.

Í bókun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Íkveikjuvopn“ merkir öll vopn og hertól sem er aðallega ætlað að kveikja í eignum eða veita einstaklingum brunasár með loga, hita eða myndun efnasambands þeirra sem kemur fram af völdum efnahvarfs efnis sem kemst í sneringu við skotmarkið.
 - a) Íkveikjuvopn geta t.d. verið í mynd eldvörpu, fallbyssukúlna fylltum eldfimum vökva, skot-hyllkis, flugskeytis, handsprengna, jarðsprengna, sprengikúlna og annarra íláta sem innihalda íkveikjuefni.
 - b) Til íkveikjuvopna teljast ekki:
 - i. Hertól sem kunna að valda óvæntri íkveikju, t.d. ljósgjafar, glóðarkúlur, reykgjafar eða búnaður til merkjagjafar,
 - ii. hertól gerð til þess að sameina áhrif gegnsprengingar, höggbylgju eða sundrunar og viðbótaríkveikjuáhrif, t.d. af völdum skeyta sem fara í gegnum brynvörn, flísprengna, hefðbundinna sprengna og svipaðra hertóla með samanlögð áhrif þar sem íkveikju-áhrifunum er ekki sérstaklega ætlað að veita einstaklingum brunasár heldur að vera beitt gegn hernaðarlegum skotmörkum eins og brynvörðum farartækjum, loftförum og her-stöðvum eða -búnaði.
2. „Samsöfnun borgara á einn stað“ merkir hvaða samsöfnun borgara sem er, til frambúðar eða um stundarsakir, t.d. í íbúðarhverfum borga eða í byggðum bæjum og þorpum eða í búðum eða röðum flóttamanna eða þeirra sem eru fluttir burt af hættusvæði eða hirðingjahópa.
3. „Hernaðarlegt skotmark“ merkir, að því er eignir varðar, sérhverja eign sem vegna eðlis síns, staðsetningar, tilgangs og notkunar er áhrifaríkur skerfur til hernaðaraðgerðar og er þannig að ótvíræður hernaðarlegur hagur er af því, við ríkjandi aðstæður á tilteknum tíma, að eyðileggja hana alveg eða að hluta, hertaka eða gera óvirka.
4. „Eignir sem heyra til borgurunum“ merkir allar eignir sem eru ekki hernaðarleg skotmörk sbr. skilgreiningu í 3. mgr.
5. „Framkvæmanlegar varúðarráðstafanir“ eru þær sem eru gerlegar eða raunhæfar að teknu tilliti til allra ríkjandi aðstæðna á tilteknum tíma, m.a. mannúðarsjónarmiða og hernaðarlegra sjónar-miða.

2. gr.

Vernd borgaranna og eigna sem heyra til borgurunum.

1. Bannað er, undir öllum kringumstæðum, að ráðast á almenning sem slíkan, einstaka borgara eða eignir, sem heyra til borgurunum, með íkveikjuvopnum.
2. Bannað er, undir öllum kringumstæðum, að ráðast á hernaðarlegt skotmark, sem er staðsett þar sem borgarar hafa safnast saman á einn stað, með íkveikjuvopnum sem er varpað úr lofti.
3. Enn fremur er bannað að ráðast á hernaðarlegt skotmark, sem er staðsett þar sem borgarar hafa safnast saman á einn stað, með íkveikjuvopnum, öðrum en íkveikjuvopnum sem er varpað úr lofti, nema þegar slíkt hernaðarlegt skotmark er greinilega aðskilið frá þeim svæðum þar sem borgarar hafa safnast saman á einn stað og allar framkvæmanlegar varúðarráðstafanir eru gerðar í því skyni að draga úr íkveikjuáhrifum á hið hernaðarlega skotmark og að komast hjá því, og í öllu falli að lágmarka hættu á, að borgararnir týni lífi, meiðist og að tjón verði á eignum sem heyra til borgurunum með handahófskenndum hætti.
4. Bannað er að ráðast á skóga eða annars konar plöntuhulu með íkveikjuvopnum, nema þegar slíkir hlutar náttúrunnar eru notaðir til þess að skýla eða leyna bardagamönnum eða dulbúa þá eða öðrum hernaðarlegum skotmörkum eða eru sjálfir hernaðarleg skotmörk.

BÓKUN
UM LEYSIVOPN SEM VALDA BLINDU
(IV. BÓKUN)

1. gr.

Bannað er að beita leysivopnum sem eru sérhönnuð til þess að eyðileggja sjón, sem ekki er aukin með búnaði, þ.e. valda varanlegri blindu á berum augum eða augum með sjónleiðréttingarbúnaði og gegna því eina hlutverki í bardaga eða það er eitt slíkra hlutverka. Samningsaðilarnir skulu ekki flyta slík vopn til nokkurs ríkis eða stofnunar sem er ekki ríki.

2. gr.

Samningsaðilarnir skulu, þegar þeir beita leysivopnum, gera allar framkvæmanlegar varúðar-ráðstafanir til þess að komast hjá því að valda varanlegri blindu á berum augum. Meðal slíkra varúðar-ráðstafana skal vera þjálfun manna í herliði þeirra og aðrar hagnýtar ráðstafanir.

3. gr.

Að valda blindu sem er tilfallandi eða samhliða afleiðing lögmætrar beitingar leysikerfa í hernaðarlegum tilgangi, m.a. leysikerfa sem er beitt gegn sjóntækjum, fellur ekki undir bann samkvæmt bókun þessari.

4. gr.

„Varanleg blinda“ merkir, að því er bókun þessa varðar, endanlegan og ólæknanlegan sjónmissi sem er alvarleg fötun án nokkurrar batavonar. Alvarleg fötun jafngildir sjónskerpu sem er undir 20/200 Snellen og er mæld þannig að báðum augum er beitt.

BÓKUN
UM SPRENGIEFNALEIFAR FRÁ STRÍÐSÁTÖKUM
(V. BÓKUN)

Aðilar að bókun þessari,

sem þekkja alvarleg vandamál ómannúðlegs eðlis af völdum sprengiefnaleifa frá stríðsátökum eftir að slíkum átökum lýkur,

sem skilja að þörf er á bókun um almennar úrbætur að stríðsátökum loknum í því skyni að draga úr hættu á og áhrifum sprengiefnaleifa frá slíkum átökum eins og framast er kostur,

sem vilja huga að almennum verndarráðstöfunum, með því að styðjast, að eigin ákvörðun, við bestu starfsvenjur, sem tilgreindar eru í tækniviðauka, í því skyni að bæta öryggi hertóla, og þannig að draga úr tilurð sprengiefnaleifa frá stríðsátökum eins og framast er kostur,

hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

1. gr.

Almenn ákvæði og gildissvið.

1. Aðilar að bókun þessari samþykkja, í samræmi við stofnskrá Sameinuðu þjóðanna og reglur þjóðaréttar um vopnuð átök sem hafa gildi gagnvart þeim, að efna þær skuldbindingar sem eru tilgreindar í bókun þessari, bæði einir og sér og í samstarfi við aðra aðila að henni, í því skyni að draga úr hættu á og áhrifum sprengiefnaleifa frá stríðsátökum, að þeim loknum, eins og framast er kostur.
2. Bókun þessi gildir um sprengiefnaleifar frá stríðsátökum á landsvæði aðila að henni, þ.m.t. á innhöfum.
3. Bókun þessi gildir um aðstæður sem orsakast af átökum er um getur í 1. til 6. mgr. 1. gr. samningsins, með áorðnum breytingum frá 21. desember 2001.
4. Ákvæði 3., 4., 5. og 8. gr. bókunar þessarar gilda um sprengiefnaleifar frá stríðsátökum, aðrar en sprengiefnaleifar frá stríðsátökum sem fyrirfinnst sbr. skilgreiningu í 5. mgr. 2. gr. bókunar þessarar.

2. gr.

Skilgreiningar.

Í bókun þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. „Sprengjubúnaður“ merkir hefðbundin hertól sem innihalda sprengjur, að frátöldum jarðsprengjum, sprengigildrum og öðrum útbúnaði, sbr. skilgreiningu í II. bókun við samning þennan með áorðnum breytingum frá 3. maí 1996.
2. „Ósprunginn sprengjubúnaður“ merkir sprengjubúnað sem hefur verið undirbúinn til notkunar, búinn sprengiþræði, gerður virkur eða gerður nothæfur með öðrum hætti og er notaður í vopnuðum átökum. Búnaðinum kann að hafa verið skotið, hann látinn falla eða hafinn á loft eða honum varpað og hefði átt að springa en sprakk ekki.
3. „Yfirgefinn sprengjubúnaður“ merkir sprengjubúnað sem hefur ekki verið notaður í vopnuðum átökum, sem aðili að vopnuðum átökum hefur skilið eftir eða losað sig við og ekki er lengur í umsjá þess aðila sem skildi hann eftir eða losaði sig við hann. Yfirgefinn sprengjubúnaður kann að hafa verið undirbúinn til notkunar, búinn sprengiþræði, gerður virkur eða gerður nothæfur með öðrum hætti.
4. „sprengiefnaleifar frá stríðsátökum“ merkir ósprunginn sprengjubúnað og yfirgefinn sprengjubúnað.
5. „Sprengiefnaleifar frá stríðsátökum sem fyrirfinnst“ merkir ósprunginn sprengjubúnað og yfirgefinn sprengjubúnað sem var til fyrir gildistöku bókunar þessarar gagnvart þeim aðila að henni sem á landsvæði þar sem slíkur sprengjubúnaðir fyrirfinnst.

3. gr.

Hreinsun, fjarlæging eða eyðing sprengiefnaleifa frá stríðsátökum.

1. Sérhver aðili að bókun þessari, sem jafnframt er aðili að vopnuðum átökum, skal axla alla ábyrgð samkvæmt þessari grein með tilliti til sprengiefnaleifa frá stríðsátökum á yferráðasvæði hans. Ef notandi sprengjubúnaðar, sem orðinn er að sprengiefnaleifum frá stríðsátökum, hefur ekki yferráð yfir viðkomandi landsvæði skal notandinn, eftir að eiginlegum hernaðaráttökum er lokið, veita, þar sem því verður komið við, m.a. tæknilega, fjárhagslega og efnislega aðstoð eða leggja til mannafla, á grundvelli tvíhliða samstarfs eða fyrir atbeina þriðja aðila sem gagnkvæmt samkomulag er um, m.a. Sameinuðu þjóðanna eða annarra viðeigandi samtaka, í því skyni að greiða fyrir merkingu og hreinsun, fjarlægingu eða eyðingu slíkra sprengiefnaleifa frá stríðsátökum.
2. Sérhver aðili að bókun þessari, sem jafnframt er aðili að vopnuðum átökum, skal, eftir að eiginlegum hernaðaráttökum er lokið og eins fljótt og því verður komið við, merkja og hreinsa, fjarlægja eða eyða sprengiefnaleifum frá stríðsátökum á landsvæðum þar sem slíkar leifar er að finna og hann hefur yferráð yfir. Hreinsun, fjarlæging eða eyðing á svæðum, þar sem sprengiefnaleifar frá stríðsátökum er að finna, þ.e. svæðum sem eru talin skapa verulega hættu fyrir menn samkvæmt ákvæðum 3. mgr. skal hafa forgang.
3. Sérhver aðili að bókun þessari, sem jafnframt er aðili að vopnuðum átökum, skal, eftir að eiginlegum hernaðaráttökum er lokið og eins fljótt og því verður komið við, gera eftirfarandi ráðstafanir á landsvæðum, þar sem sprengiefnaleifar frá stríðsátökum er að finna og hann hefur yferráð yfir, í því skyni að draga úr áhættu sem fylgir slíkum leifum:
 - a) kanna og meta yfirvofandi hættu af völdum sprengiefnaleifa frá stríðsátökum,
 - b) meta og forgangsraða þörfum og aðgerðum í því sem lýtur að merkingu og hreinsun, fjarlægingu eða eyðingu,
 - c) merkja og hreinsa, fjarlægja eða eyða sprengiefnaleifum frá stríðsátökum,
 - d) finna úrræði til þess að framkvæma þessar aðgerðir.
4. Aðilar að bókun þessari, sem jafnframt eru aðilar að vopnuðum átökum, skulu, jafnhliða því að hrinda fyrrnefndum ráðstöfunum í framkvæmd, taka mið af alþjóðlegum stöðlum, m.a. alþjóðlegum stöðlum um jarðsprengjuaðgerðir.
5. Aðilar að bókun þessari skulu vinna, þar sem það á við, bæði saman og með öðrum ríkjum, hlutaðeigandi svæðisstofnunum og alþjóðasamtökum og frjálsum félagasamtökum að því að veita m.a. tæknilega, fjárhagslega og efnislega aðstoð eða leggja til mannafla, þ.m.t. og eftir atvikum að standa að sameiginlegum aðgerðum sem eru nauðsynlegar til þess að uppfylla ákvæði þessarar greinar.

4. gr.

Skráning upplýsinga, varðveisla og miðlun.

1. Aðilar að bókun þessari, sem jafnframt eru aðilar að vopnuðum átökum, skulu, eftir því sem við verður komið og raunhæft má telja, skrá og varðveita upplýsingar um notkun sprengjubúnaðar eða yfirgefinn sprengjubúnað í því skyni að unnt sé að greiða fyrir því að merking og hreinsun, fjarlæging eða eyðing sprengiefnaleifa frá stríðsátökum gangi hratt fyrir sig, hlutaðeigendur séu upplýstir um áhættu og að þeim aðila sem hefur yferráð yfir viðkomandi landsvæði og almenningi á því landsvæði séu látnar viðeigandi upplýsingar í té.
2. Aðilar að bókun þessari, sem jafnframt eru aðilar að vopnuðum átökum, sem hafa notað eða skilið eftir sprengjubúnað, sem kann að hafa orðið að sprengiefnaleifum frá stríðsátökum, skulu, strax að loknum eiginlegum hernaðaráttökum, eins og raunhæft má telja og með fyrirvara um réttmæta öryggishagsmuni fyrrnefndra aðila, láta aðila eða aðilum, sem hafa yferráð yfir því svæði þar sem sprengiefnaleifar frá stríðsátökum er að finna, í té fyrrnefndar upplýsingar, á tvíhliða grundvelli eða fyrir atbeina þriðja aðila sem gagnkvæmt samkomulag er um, m.a. Sameinuðu þjóðanna, eða, að fram kominni beiðni þar um, öðrum viðkomandi samtökum, sem aðilinn, sem upplýsingarnar lætur í té, er fullviss um að séu að eða muni upplýsa hlutaðeigendur um áhættu, merkja og hreinsa, fjarlægja eða eyða sprengiefnaleifum frá stríðsátökum á því svæði þar sem þær er að finna.
